

Nr. 17-158 S 119 Sindri VE 60***Skipverji slasast við togveiðar***

Skipaskr.nr. 1274
Útgerð: Vinnslustöðin hf.
Smíðaður: Japan, 1972, stál
Stærð: 582,96 brl. 849,03 bt.
Mesta lengd: 57,89 m Skráð lengd: 53,68 m
Breidd: 9,50 m Dýpt: 6,50 m
Vél: Niigata, 1691 kw, 1988
Fjöldi skipverja: 15



Sindri © Óskar Friðriksson

Gögn:

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. mars 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 10. september 2017 var ísfisktogarinn Sindri VE 60 á togveiðum suður af Reykjanesi. Veður: N 3 m/s.

Skipverjar voru að láta trollið fara þegar einn þeirra fór inn í rennuna til að lása flatlegg í skottið á bakstroffunni. Grandarinn slóst þá með miklu afli í læri skipverjans með þeim afleiðingum að hann skall á innri lunninguna.

Við rannsókn kom fram:

- að keflið á skutrennulokanum var slitið og komin rauf í það til endana þar sem álagið var mest;
- að grandaravírin sat ofan í slitrauf á skutrennukeflinu og lá aftur úr rennunni yfir til miðju skipsins;
- að þegar skipverjinn var kominn inn í rennuna hrökk grandaravírin upp úr slitraufinni og varð skipverjinn fyrir vörnum þegar hann slóst yfir í borðið sem skipverjinn var í;
- að fram kom hjá skipstjóra að hann hefði varað menn við að fara inn í rennuna þegar vírin væri í þessari stöðu;
- að skipverjinn var með öryggishjálmi, í öryggisskóm og uppblásanlegu björgunarvesti;
- að slasaði marðist illa og var frá vinnu um tíma.

Nefndarálit:

Orsök slyssins er aðgæsluleysi skipverjans.